# AUGLÝSING

## um notkun heimildar skv. 21. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1 11. febrúar 1970.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til að fella niður aðflutningsgjöld af eftirtöldum vélum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær, enda stundi innflytjandi flugrekstur eða hafi fengið viðurkenningu samgönguráðuneytisins til að framleiða eða gera við flugvélar:

| Nr. | Toll-flokkur | Vöru- og tækjaheiti |
|---|---|---|
| 1 | 27.10.60 | Smurningsolía, þ. á m. háhitasmurolía. |
| 2 | 27.10.79 | Háþrýstivökvi. |
| 3 | 28.35.00 | Mólýbden dísúlfíd duft. |
| 4 | 28.54.00 | Tvíildi. |
| 5 | 29.02.00 | Arklone P, L og W. Hreinsiefni fyrir ýmis nákvæmistæki úr flugvélum, sem hreinsuð eru í þar til gerðum vélum. |
| 6 | 29.04.21 | Ísvarnarvökvi. |
| 7 | 32.12.00 | Súrþéttiefni. |
| | | Þéttiefni (t. d. Epocast og kísilefnablanda). |
| 8 | 34.02.09 | Yfirborðsvirk hreinsiefni (t. d. Alkaline 280, Ardrox og Cee-Bee). |
| 9 | 34.03.00 | Festivarnarefni (antiseize). |
| 10 | 34.05.01 | Flugvélabón (t. d. Joue Wadpole). |
| 11 | 35.06.01 | Lím til flugvélaviðgerða. |
| 12 | 36.04.00 | Hvellhettur fyrir slökkvitæki. |
| 13 | 36.08.00 | Hylki með eldfimum efnum vegna lóðninga. |
| 14 | 37.01.01 | Röntgenfilmur (crystallex films, microtex films). |
| 15 | 38.17.00 | Slökkviefni. |
| 16 | 38.19.11 | Háþrýstivökvi (t. d. Skydrol). |
| 17 | 38.19.19 | Hvatar. |
| | | Framkallari vegna röntgenskoðunar og málmþreytuleitar. |
| | | Rakasalt. |
| | | Herðar. |
| | | Hálkuvari (safety walk). |
| | | Magnaglo efni (dry concentrate) til notkunar við leit að málmþreytu með rafsegli. |
| 18 | 39.01.02 | Fenóplast (phenolic microballons). |
| | | Polyureth. |
| 19 | 39.02.83 | Teflonpípur. |
| 20 | 39.07.37 | Tengi, t. d. fyrir háþrýstileiðslur í flugvélum. |
| | | Tappar o. fl. plastvörur til tækninota í flugvélum. |
| 21 | 39.07.45 | Ljósskýlur (Lens) úr plasti fyrir flugvélar. |
| 22 | 39.07.89 | Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla. |
| | | Möppurnar eru merktar framleiðendunum, t. d. Boeing o. s. frv. |
| 23 | 40.09.09 | Slöngur úr gúmmíi. |
| 24 | 40.14.04 | Þéttingar, t. d. í háþrýstitæki og mæla fyrir hemla, glugga og hurðir í flugvélum. |

| Nr. | Toll-flokkur | Vöru- og tækjaheiti |
|---|---|---|
| 25 | 40.14.05 | Vörur úr gúmmíi til tækninota í flugvélum. |
| 26 | 42.04.00 | Vörur úr leðri til tækninota í flugvélum. |
| 27 | 45.04.03 | Þéttingar úr korki, t. d. fyrir ýmiss konar skoðunarlúgur í flugvélum. |
| 28 | 48.18.00 | Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla. Möppurnar eru merktar framleiðendunum. |
| 29 | 49.06.00 | Tæknilegir uppdrættir. |
| 30 | 49.11.01 | Prentað mál, t. d. sérfræðilegir upplýsingabæklingar (service bulletins). Plötur úr plasti með áletrun t. d. upplýsingar um, hvar neyðarútgangur er. |
| 31 | 49.11.09 | Óútfyllt prentuð eyðublöð, t. d. farseðlar. |
| 32 | 49.19.09 | Áprentaðir merkimiðar á farangur farþega (Baggage tags). |
| 33 | 58.02.09 | Gólfteppi, tilsniðin í flugvélar. |
| 34 | 62.02.09 | Gluggatjöld, tilsniðin í flugvélar. |
| 35 | 62.05.02 | Björgunarvesti. Björgunarrennur (chutes). Háð samþykki skipaskoðunarstjóra. |
| 36 | 62.05.03 | Öryggisbelti. |
| 37 | 62.05.09 | Viðvörunarborðar. |
| 38 | 68.06.00 | Hálkuvari (safety walk). Trefjaull (scotchbrite) með slípiefni. |
| 39 | 68.13.01 | Þéttingar í útblásturskerfi flugvéla. |
| 40 | 68.13.09 | Vörur úr asbesti til tækninota í flugvélar. |
| 41 | 70.08.00 | Glerrúður, sérstaklega gerðar í flugvélar. |
| 42 | 73.14.09 | Öryggisbindivír. |
| 43 | 73.20.00 | Tengi, t. d. fyrir háþrýstikerfi í flugvélum. |
| 44 | 73.24.00 | Súrefnisflöskur. |
| 45 | 73.29.03 | Keðjur, notaðar t. d. við stjórn á jafnvægisstýrum. |
| 46 | 73.32.00 | Boltar, rær, skífur, notaðar á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við festingu á hjólabúnaði, hæðar- og hliðarstýrum, enn fremur varnaglar, augaboltar, spenniklemmur o. fl. |
| 47 | 73.35.00 | Fjaðrir og gormar, notað á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við hjóla- og stýrisbúnað o. fl. |
| 48 | 73.40.59 | Baulur og slönguklemmur. Læsingasmellur og krækjur á varningsfestingabönd í flugvélum. |
| 49 | 74.03.02 | Öryggisbindivír. |
| 50 | 74.08.00 | Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum. |
| 51 | 74.15.00 | Boltar, rær, skífur, hnoð, aðallega notað við festingar flugmælitækja. |
| 52 | 76.02.01 | Prófílar úr áli. |
| 53 | 76.03.00 | Álplötur. |
| 54 | 76.04.09 | Álborðar. |
| 55 | 76.06.01 | Prófílpípur úr áli. |
| 56 | 76.06.09 | Álpípur. |
| 57 | 76.07.00 | Tengi í súrefnis- og mælatækjakerfi í flugvélum. |
| 58 | 76.16.03 | Hnoð, boltar, skrúfur o. þ. h. úr áli, notað við smíði (samsetningu) flugvéla. |
| 59 | 82.03.00 | Tengur, gatjárn, pípuskerar, þjalir, skrúflyklar, klippur, enda sérstaklega gert til viðgerða á flugvélum. |

| Nr. | Toll-flokkur | Vöru- og tækjaheiti |
|---|---|---|
| 60 | 82.04.00 | Handverkfæri ýmiss konar, m. a. dragar (pullers), enda sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum. |
| 61 | 82.05.00 | Skiptiverkfæri, t. d. í loftbora (til að hnoða, skrúfa o. s. frv.), rafmagnsborvélar o. fl., enda sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum. |
| 62 | 83.01.00 | Lásar, sérstaklega gerðir í flugvélar. |
| 63 | 83.02.00 | Dyralokur og lamir, t. d. úr áli, notað m. a. á skoðunarlúgur. Stangarlamir. |
| 64 | 83.07.02 | Siglingaljós. |
| 65 | 83.09.00 | Holhnoð úr áli, notuð við smíði og viðgerðir á flugvélum á stöðum, sem ekki er hægt að koma verkfærum við. Er þá notast við sérstök tæki, sem fletja út enda hnoðanna. |
| 66 | 83.14.00 | Plötur með áletrun, t. d. í mælaborð flugvéla (t. d. metacal). |
| 67 | 84.10.09 | Háþrýstidælur og eldsneytisdælur í flugvélar. |
| 68 | 84.11.09 | Sogdælur í flugvélar, Þjöppur í flugvélar. |
| 69 | 84.17.14 | Rafmagnskaffivélar fyrir flugvélar, enda gerðar fyrir straum og spennu, sem notuð eru í flugvélum. |
| 70 | 84.17.19 | Olíukælar til kælingar á smurolíu flugvéla. |
| 71 | 84.18.29 | Olíusíur í flugvélahreyfla. Síur með ávirka eiginleika (Alumina). |
| 72 | 84.21.00 | Fjarstýrð slökkvitæki í flugvélahreyfla, sérstaklega hönnuð fyrir það hlutverk. Blástursthreinsitæki. |
| 73 | 84.22.09 | Tjakkar til að lyfta flugvélum og stórum hlutum þeirra. Talíur, notaðar við ísetningu og úrlosun hreyfla, svo og við tilfærslu á stærstu hlutum flugvéla, t. d. vængjum, hliðar- og hæðarstýrum o. fl. |
| 74 | 84.49.00 | Loftborar, mikið notaðir við viðhald og viðgerð flugvéla, hnoðun o. fl., enda sérstaklega gerðir í því skyni. |
| 75 | 84.59.29 | Órafknúinn ræsibúnaður, þ. e. Auxiliary Power Units, loftknúinn og notaður við ræsingu þotuhreyfla. Rúðuþurrkur, hannaðar fyrir flugvélar. Hreyfar (actuators), t. d. til að lyfta og setja niður hjólabúnað, opna og loka hjólhúsi flugvéla o. s. frv. |
| 76 | 84.61.09 | Lokar og hanar, notaðir t. d. á fjölmörgum stöðum í háþrýstikerfi og bensínkerfi flugvéla. |
| 77 | 84.62.00 | Kúlu-, kefla- og nálaleg, notuð víða í flugvélum, t. d. hjólaleg og leg í jafnvægis-, hæðar- og hliðarstýrum. |
| 78 | 84.64.00 | Þéttihringir (plötur), t. d. í olíusíur flugvélahreyfla. |
| 79 | 85.01.09 | Rafhreyflar til að knýja ýmiss konar útbúnað á flugvélum. Afriðlar, spennar við ræsingu hreyfla o. fl. |
| 80 | 85.03.09 | Rafhlöður (aircraft batteries). |
| 81 | 85.04.09 | Rafgeymar, venjulega 24—27½ volt. Einnig aðrar gerðir, t. d. neyðarrafgeyma. |
| 82 | 85.05.00 | Rafmagnsborvélar, enda sérstaklega gerðar til flugvélaviðgerða. |
| 83 | 85.08.00 | Rafbúnaður, t. d. rafkerti o. fl., sem bundið er flugvélahreyflum. |
| 84 | 85.12.07 | Rafmagnshitaelement, t. d. vegna útskolunar frá salernum flugvéla, til varnar gegn frosti. Einnig til hitunar á Pitot-pípu fyrir flughraðamæla o. fl. |
| 85 | 85.13.00 | Sambyggðir heyrnar- og hljóðnemar handa flugáhöfnum (headset). |

| Nr. | Toll-flokkur | Vöru- og tækjaheiti |
|---|---|---|
| 86 | 85.14.00 | Eyrnaskjól með heyrnartæki. |
| | | Hljóðnemar. |
| 87 | 85.15.31 | Ratsjár og radíómiðunartæki í flugvélar. |
| | | Neyðarsendar í flugvélar. |
| 88 | 85.15.32 | Radíósendi- og móttökutæki í flugvélar, þar með neyðarsendar. |
| 89 | 85.17.01 | Rafmagns brunaaðvörunarkerfi. |
| 90 | 85.17.09 | Rafmagnsbúin hljóð- og ljósmerkjatæki í flugvélar, t. d. blikkandi ljós. |
| 91 | 85.18.01 | Rafmagnsþéttar í radíó- og ratsjártæki í flugvélar. |
| 92 | 85.19.01 | Rofar allt að 5 og yfir 30 amper. |
| 93 | 85.19.02 | Viðnám. |
| 94 | 85.19.03 | Falir. |
| 95 | 85.19.04 | Rafleiðar að 5 amper. |
| 96 | 85.19.05 | Vör að 5 amper. |
| 97 | 85.19.06 | Tengibúnaður undir 5 amper. |
| 98 | 85.19.07 | Skiptarar. |
| 99 | 85.19.09 | Aðrir rofar og tengibúnaður. Allt fyrir ýmis tæki í flugvélum. |
| 100 | 85.20.00 | Rafmagnsperur í ýmis lýsingartæki í flugvélum. |
| 101 | 85.21.00 | Rafeindalampar, smárar og kristallar í ratsjár og radíótæki í flugvélum, einnig ljósnemar. |
| 102 | 85.22.20 | Rafmagnshituð affrysti- og daggarþurrkutæki fyrir rúður í flugvélum. |
| 103 | 85.23.09 | Einangraður rafmagnsþráður, sérstaklega hannaður fyrir rafmagnskerfi, ratsjár og radíókerfi í flugvélum. |
| 104 | 85.25.00 | Einangrarar, t. d. fyrir flugvélaloftnet. |
| 105 | 87.14.01 | Farþegatröppur, byggðar á vagn. |
| | | Farangursvagnar. |
| | | Hjól fyrir hreyfilstól. |
| 106 | 89.01.21 | Björgunarbátar. Háð samþykki skipaskoðunarstjóra. |
| 107 | 90.02.09 | Linsur í umgerð (stækkandi), t. d. vegna álestrar á lóran og fleiri tæki í flugvélum. |
| 108 | 90.04.01 | Reykgleraugu til notkunar fyrir flugmenn ef reykur myndast í stjórnklefa. Glerin hafa þann eiginleika, að vel sést, þótt mikill reykur myndist. |
| 109 | 90.14.01 | Áttavitar í flugvélar. |
| | | Sjálfstýritæki í flugvélar. |
| 110 | 90.14.09 | Hæðarmælar. |
| | | Lofthraðamælar. |
| | | Stig- og fallmælar. |
| | | Gervisjónhringsmælar (artificial horizons). |
| | | Beygju- og hallamælar. |
| | | Mach-mælar. |
| | | Hraðabreytimælar (accelerometers). |
| | | (Eingöngu í flugvélar). |
| 111 | 90.16.00 | Reikniskífur, hornamælar, míkrómælar, hnoðamælar (Gauge-Rivets), átaksmælar, enda notað sérstaklega í sambandi við viðgerðir flugvéla. |
| 112 | 90.18.00 | Súrefnisöndunartæki, notuð í flugvélum, komi til öndunarerfiðleiða vegna mikillar flughæðar. |

| | | |
|---|---|---|
| 113 | 90.22.00 | Tæki til mekanískrar prófunar á styrkleika og þrýstiþoli, t. d. hörkumælar og styrkmælar fyrir dúka vegna flugvélaviðgerða. |
| 114 | 90.23.02 | Hitamælar, notaðir í flugvélum við uppkeyrslu. |
| 115 | 90.24.01 | Hitastillar, t. d. notaðir í hitakerfi flugvéla. |
| 116 | 90.24.09 | Þrýstimælar, t. d. í háþrýstikerfi og fyrir þrýsting andrúmslofts í flugvélum. Magnmælar og rennslismælar, t. d. fyrir eldsneyti flugvéla. |
| 117 | 90.26.29 | Mælar, sem sýna t. d. eyðslu eldsneytis o. fl. miðað við ákveðinn tíma eða vegalengd, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar. |
| 118 | 90.27.01 | Snúningshraðamælar fyrir flugvélar. |
| 119 | 90.27.09 | Ýmsir teljarar til notkunar í flugvélum. |
| 120 | 90.28.09 | Amper og voltmælar, einnig aðrir rafmagnsmælar í stjórnborði flugvéla. |
| 121 | 90.29.09 | Varahlutir í mælitæki, sem njóta undanþágu í tollskrárnúmerum 90.23, 90.24 og 90,26 til 90.28. |
| 122 | 91.03.00 | Klukkur, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar. |
| 123 | 91.11.00 | Varahlutir í klukkur, sem flokkast undir 91.03.00. |
| 124 | 94.01.09 | Sæti í flugvélar. |

Framangreind undanþága tekur einungis til þeirra innflutningsaðila, sem stunda rekstur og viðgerðir á flugvélum í atvinnuskyni. Í vafatilfellum ber umsækjanda að sýna tollyfirvöldum fram á með vottorði viðkomandi skattstofu, að hann hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna af flugvélarekstri, flugvélaframleiðslu, eða flugvélaviðgerðum næstliðið skattár.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing ráðuneytisins frá 4. júní 1970, um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1973.*

**F. h. r.**
**Jón Sigurðsson.**

*Þorsteinn Ólafsson.*

**Stjórnartíðindi B 32, nr. 310—327. Útgáfudagur 30. nóvember 1973.**